ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3/6 2015
Málsnr: 1506087
Bréfal: 2533

Hafnarfirði 3. júní 2015

**Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar**

Þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem var haldið 25. apríl sl samþykkti eftirfarandi tillögu:

**Þingskjal nr. 16**

- **Tillaga um að endurskoða og hækka rekstrar- og styrktarsamninga ÍBH og aðildarfélaga ÍBH**

**49. þing ÍBH haldið 25. apríl 2015 í Ásvallalaug** hvetur Hafnarfjarðarbæ til að endurskoða og hækka rekstrar- og styrktarsamninga við ÍBH og aðildarfélög ÍBH.

Greinargerð: Mat og greining á samningum íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði við Hafnarfjarðarbæ hefur nú staðið yfir í u.þ.b. fimm ár og hefur sú vinna skilað litlum framförum. Fjárstuðningur Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði er minni en fjárstuðningur nágrannasveitarfélaga við íþróttahreyfingar sinna sveitarfélaga. Með áframhaldandi óbreyttu ástandi verður íþróttahreyfingin í Hafnarfirði ekki lengur samkeppnishæf.

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar samþykkti á fundi 26. maí sl að koma tillögunni formlega á framfæri við Hafnarfjarðarbæ og ítreka að málefnið þyldi ekki lengri bið. Íþróttahreyfingin í Hafnarfirði vonast eftir áframhaldandi góðu og faglegu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ til að vinna að framkvæmd og lokum málefnisins.

f.h. framkvæmdastjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH

Íþróttahúsinu Strandgötu • Pósthólf 548 • 222 Hafnarfjörður • Sími/fax: 555 2300 • Netfang: ibh@hafnarfjordur.is • Sími framkv.stj.: 848 2171